


BYGGINGARLIST

NEFNDIN Sigrún Birgisdóttir lektor og fagstjóri í arkitektúr við Listaháskóla Íslands ■ Hólmfríður Ósmann Jónsdóttir arkitekt ■ Sveinn Bragason arkitekt



Sundlaugin á Hofsósi


Staðsetning: Hofsósi. **Verkkaupi:** Sveitarfélagið Skagafjörður. **Arkitektar:** Basalt / VA arkitektar: Jóhann Harðarson, Marcos Zotes Lopes, Rósa Dögg Þorsteinsdóttir, Stefánía Sigfúsdóttir, Sigríður Sigbórsdóttir. **Ráðgjafar:** Verkis, Guðjón L. Sigurðsson. **Stærð:** 400 m²

■ Bygging við sundlaug hýsir búnings- og baðaðstöðu fyrir útilaug og potta. Staðsetning sundlaugarinnar er valin til að ná tengslunum við hafid, laugarkerið stefnir á Drangey. Kantur þess hluta kersins er lægri þannig að vatnið fellur fram af honum og sjónrænt rennur sundlaugarvatnið og sjórinn saman í eitt. Sundlaugin á Hofsósi er gjöf Lilju Pálmadóttur og Steinunnar Jónsdóttur til sveitarfélagsins. Lögð er áhersla á mikilvægi náttúrulegrar dagsbirtu í byggingunni. Aðdragandi og ferðalag um húsíð er skýrt, frá götu um innri rými sem leiðir til hámröskunar upplifunar í sundlauginni sjálfri með útsýni yfir hafflöt og Drangey. Auðmýkt gagnvart umhverfinu og landslagi fjarðar, fjalla og Drangeyjar einkenna verkið. Landslag og þak hússins skapar skemmtilegt útsísvæði í bænum. Öll staðarmyndun er til fyrirmyndar og upphefur fallett útsýni. Verkið er gott fordæmi fyrir íslenska baðmenningu.

Hjúkrunarheimili Suðurlandsbraut

Staðsetning: Reykjavík. **Verkkaupi:** Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og Framkvæmdasvið Reykjavíkurborgar. **Arkitektar:** Yrki Arkitektar: Sólveig Berg, Ásdís H. Ágústsdóttir, Sigurður Kolbeinsson, Kathleen Cheong, Ragnhildur Kristjánsdóttir, Hrólfur Cela, Agatha Bienkowska, Liv Seljevoll. **Ráðgjafar:** Mannvit, Verkfræðistofa Jóhanns Indriðasonar, Landslag. **Stærð:** 7.700 m².

■ Hjúkrunarheimilið í Mörkinni er afrakstur boðskeppni fyrir arkitekta um byggingu þjónustuíbúða og þjónustumiðstöðvar aldrafra og hjúkrunarheimilis. Hjúkrunarheimilið er á fjórum hæðum auk jarðhæðar sem er að hluta til niðurgrafin. Á efri hæðunum eru íbúðir, setustofur og fylgiráými. Á neðstu hæðinni er aðalinnangangurinn með móttöku, samkomusalur og salir og stofur undir kapellu, ásamt þjónusturými og skrifstofum. Hjúkrunarheimilið er vandað og metnaðarfullt verkefni. Byggingin er staðsett innan stærra þjónustusvæðis sem, þegar lokið er, mun skapa samhangandi heild í umhverfinu. Mýkt í formi jarðhæðar tengist vel umhverfinu. Innanhúss er bjart og rúmgott og allur frágangur er til fyrirmyndar.






Sumarhúsið í Borgarfirði

Staðsetning: Borgarfjörður. **Verkaup:** Einkaadili. **Arkitektar:** Gláma Kím Arkitektar: Sigurður Halldórsson. **Ráðgjafar:** VIK verkfræðistofa, Helgi Eiríksson. **Stærð:** 105 m²

■ Sumarhúsið er staðsett á kjarri vöxnum útsýnisstað í Borgarfirði. Til austurs eru Eiríkisjökull og Strútur, og til suðurs Ok. Byggingar fanga útsýni og skapa skjólgóð útirými. Áhersla er lögð á tengsl við nánasta umhverfi með stórum gluggum og gegnsæi. Sumarhúsið er tvær byggingar sem tengdar eru saman með yfirbyggðri verönd. Mótun útsvæða og tenging við umhverfi er forsenda fyrir vel heppnuðu sumarhúsi. Hér er það gert með þremur húshlutum sem skilgreina og aðgreina skýr útsvæði sem svara vel sólargangi og veita mismunandi skjól fyrir vedri og vindum. Áferð og efniskennd húsa er einföld og hæglat sem fer vel í nærliggjandi birkivöxnu landslagi. Hús liggja vel í landi og skapa skemmtilegt samspil við landslag nær og fjær.



Háskólinn á Akureyri

Staðsetning: Akureyri. **Verkaup:** Háskólinn á Akureyri. **Arkitektar:** Gláma Kím Arkitektar: Sigurður Halldórsson, Árni Kjartansson, Jóhannes Þórdarson, Sigbjörn Kjartansson, Ólafur Tr. Mathiesen, Blanka Pöschlová, Carolyn Fretwurst, Richard Blurton. **Ráðgjafar:** Almenna verkfræðistofan, Raftákn, Helgi Eiríksson, Landslag. **Stærð:** 7.500 m²

■ Háskólinn á Akureyri er byggður við og utan um eldri byggingar að Sólborg. Eldri byggingar og staðhættir að Sólborg gefa tóninn fyrir varfærnislega nálgun. Með nýbyggingunum er byggingareiningum raðað saman og þær tengdar í eina heild með glerjuðum tengingum. Byggingar háskólans eru afrakstur opinnar arkitektasamkeppni sem haldin var 1995. Háskólinn hefur verið byggður í áföngum frá 1996. Nýjasti áfangi skólans, aðalinngangur og forsalur auk hátíðar- og fyrirlestrasala, var tekinn í notkun síðsumars 2010. Hér er gott dæmi um verk þar sem breyta þarf notkun eldri bygginga og tvinna við nýja starfsemi. Einstaklega vel hefur tekist til við flæði milli eldri og nýrri byggingahluta og að skapa heildrænt yfirbragð með vandaða útfærslu á rýmum og efnisvali. Sérstaða verksins er hversu vel sambætt og útfært það er og það hvernig vönduðum vinnubrögðum er viðhaldið á löngum framkvæmdartíma.



Ásgarður fífleikahús

Staðsetning: Garðabær. Verkkaupi: Bæjarsjóður Garðabæjar. Arkitektar: Arkitektur.is Ráðgjafar: VSB Verkfræðistofa, Efla, Landslag, Strendingur. Stærð: 3.440 m².

■ Í Ásgarði er fjölbreytt aðstaða til íþróttaiðkna. Nýbygging samanstendur annars vegar af fífleikahúsi og hins vegar af inngangi sem tengir saman alla starfsemi íþróttamiðstöðvarinnar, svo sem sundlaug, handboltasal, þreksal o.fl. Húsið nýtist til fjölbreytts íþróttastarfs með aðgengi fyrir nemendur grunnskóla, leikskóla og eldri bæjarbúa. Hér er vel leyst að tengja saman mismunandi stærðir eldri og nýrri byggingahluta. Vandmeðfarið er að laga íþróttamannvirki vel að umhverfinu vegna stærðar. Þessu er náð með því að grafa fífleikasal niður og liggur hann því lágreistur í umhverfinu. Minni aðkomubygging tekur á móti gestum og tengir saman fjölpætta starfsemi íþróttamiðstöðvar. Frá aðkomurými er góð yfirsýn yfir fífleikasal og hæðarmunur er nýttur fyrir áhorfendapalla.